

27. stjórnarfundur FUM

Félags um menntarannsóknir

haldinn í KHÍ

25. október 2004 kl. 16:30

Mættir: Jóhanna Einarsdóttir formaður, Hafþór Guðjónsson gjaldkeri, Guðný Guðbjörnsdóttir og Börkur Hansen meðstjórnendur, Guðrún Geirsdóttir, ritari. Kristín Guðmundsdóttir boðaði forföll. Júlíus K. Björnsson, ritstjóri tímarits Fum var boðaður til fundar og sat hluta hans.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Lesin og samþykkt.

2. *Tímaritið*

Staða fyrsta tölublaðs: Júlíus K. Björnsson, ritstjóri mætti til fundar og gerði grein fyrir stöðu útgáfunnar. Yfirlestri greina er að mestu lokið, flestir höfundar hafa sent greinar sínar inn endurskoðaðar og umbrot tímaritsins er að hefjast. Alls munu 19 greinar birtast í fyrsta tölublaði. Talsverðar umræður urðu um útlit tímarits svo og nafn en ekki fengust niðurstöður í þá umræðu. Ritstjórnarfundur er næsta mánudag (1. nóvember) og verða þá teknar frekari ákvarðanir um útlit sem lagðar verða fyrir stjórn. Rætt var um möguleika á að vera með efnisyfirlit og sýnishorn af útliti tímarits tilbúið til kynningar á námsstefnunni þann 13. nóvember og ætlar ritstjórn að stefna að því að svo verði. Útboð verður gert í prentun og er reiknað með útgáfu tímaritsins í lok nóvember eða byrjun desember.

3. *Námsstefna 13. nóvember.*

Rætt var um dagskrá námsstefnunnar og auglýsing um hana lesin og yfirfarin og formanni falið að ganga frá henni til auglýsingar á heimsíðu félagsins.

4. *Önnur mál.*

Voru engin.

5. *Ákveðið að halda næsta fund þriðjudaginn 9. nóv. kl. 15:30 á bókasafni KHÍ.*

Fundarritari
Guðrún Geirsdóttir